



Til íbúa í Hafnarfirði

Hafnarfjörður, 5.3.2019

Varðar: Tvöföldun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði

Búið er að bjóða út tvöföldun brautarinnar frá Kaldárselsvegi og vestur fyrir Krýsuvíkurgatnamót og tengd verk sem snúa að breytingum á lögnum veitufyrirtækja. Verkið er samvinnuverkefni Vegagerðarinnar, Hafnarfjarðarbæjar og veitufyrirtækja. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist með vorinu og verði lokið seint um haustið 2020.

Með þessu bréfi er ætlunin að kynna framkvæmdina og er bréfinu dreift í hús nærri framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdirnar verða einnig kynntar á heimasíðum Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar og í bæjarblöðum. Haldinn verður opinn kynningarfundur í Hafnarborg 13. mars 2019 kl. 17:30.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru tvær myndir. Annars vegar yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu:

- Efri hluti sýnir fyrsta áfanga (Krýsuvíkurvegur-Strandgata) sem skal lokið 1. okt. 2019
- Neðri hluti síðari áfanga (Strandgata-Kaldárselsvegur) sem skal lokið 1. nóv. 2020

Og hins vegar mynd er sýnir snið í Reykjanesbraut við Hvamma og á Þorlákstúni.

Markmið

Markmið framkvæmda er að:

- Auka umferðaröryggi með að aðskilja akstursstefnur á Reykjanesbraut með miðeyju og vegriði
- Bæta umferðarflæði og umferðarrýmd með að gera tvær akreinar í hvora átt alla leið
- Bæta hljóðvist í nágrenni brautarinnar með gerð umtalsverðra hljóðvarna
- Bæta samgöngur yfir Reykjanesbraut milli hverfa í Hafnarfirði með byggingu tveggja nýrra göngubrúa yfir brautina

Tvöföldun Reykjanesbrautar 2019-20

Brautin verður tvöfölduð á kaflanum frá Kaldárselsvegi og vestur fyrir Krýsuvíkurgatnamót með því að byggja nýja akbraut sunnan núverandi vegar. Brautin verður með þriggja metra breiða miðeyju milli akbrauta með vegriðum báðum megin. Brautin verður grafin niður allt að fjögurra metra á tveimur köflum; í fyrsta lagi á kaflanum frá núverandi göngubrú við Ásland og að Strandgötu og í öðru lagi gegnum Hvaleyraholtið frá Þorlákstúni og vestur fyrir nýju undirgöngin við Suðurbraut. Hluti af framkvæmdunum er að breikka brúna yfir Strandgötu.

Bættar samgöngur milli hverfa fyrir gangandi og hjólandi umferð

Gerðar verða tvær nýjar göngubrýr yfir Reykjanesbraut. Sú fyrri verður milli Hvamma og Áslands á móts við Álftaás. Sú seinni kemur í stað núverandi undirganga við Þorlákstún.



Bætt hljóðvist í nærliggjandi umhverfi

Samhliða breikkun Reykjanesbrautar verður ráðist í umfangsmiklar aðgerðir til að minnka umferðarhávaða í nágrenni brautarinnar og uppfylla reglugerð 724/2008.

Ný hljóðmön verður gerð milli Reykjanesbrautar og Ásbrautar á móts við Erluás og verður göngustígurinn frá enda núverandi göngubrúar endurgerður. Hljóðmönin við Ásbraut á móts við Álftaás verður hækkuð.

Hljóðmanir við Hvamma verða endurgerðar og næst brautinni verða notuð jarðvegshólf til að ná fram betri hljóðvist. Við Suðurhvamm eru einnig reistir glerveggir ofan á möninni sem ná inn á Strandgötu og hljóðveggur settur á norðurkant Strandgötubrúar. Þá er einnig settur hljóðveggur úr timbri meðfram Þúfubarði þar sem nú er girðing.

Á Þorlákstúni verða gerðar hljóðvarnir. Austast verða háar manir með jarðvegshólfum en á vestari hlutanum verður gerð hefðbundin jarðvegsmön. Loks er gert ráð fyrir staðbundnum vörnum við tengistöð HS veitna á móts við Suðurholt.

Aðrar framkvæmdir

Samhliða vega- og brúargerð þarf að færa mikið af lögnum. Þar er um að ræða 132 kV háspennustreng Landsnets, háspennustrengi frá HS veitum, vatnslagnir, hitaveitulagnir og fjarskiptalagnir. Gert er ráð fyrir að færsla lagna hefjist fljótlega og verði að mestu lokið þegar vega- og brúargerð hefst. Veitufyrirtækin munu senda kynningarbréf á næstunni.

Framkvæmdatími

Á þessu ári verður brautin tvöfölduð vestan Strandgötu og brúin yfir Strandgötu breikkuð. Á næsta ári verður hún svo breikkuð milli Kaldárselsveggar og Strandgötu. Áætluð verklok eru í nóvember 2020.

Að lokum eru íbúar hvattir til að mæta á opinn kynningarfund í Hafnarborg þann 13. mars 2019 kl. 17:30. Á þeim fundi verða framkvæmdirnar kynntar nánar ásamt ááætlunum um hjáleiddir fyrir bæði akandi og gangandi umferð. Kynningarfundur verður einnig streymt beint á Facebooksíðu Hafnarfjarðarbæjar: <https://www.facebook.com/hafnarfjardarbaer/>

Tengiliður á verktíma er Ólafur S. Haraldsson hjá Vegagerðinni. Hægt er að hafa samband við hann í síma 522-1000 eða með tölvupósti olafur.s.haraldsson@vegagerdin.is

Með kveðju,

Óskar Örn Jónsson
Forstöðumaður Framkvæmdadeildar
Vegagerðin

Sigurður Haraldsson
Sviðsstjóri Umhverfis- og Skipulagsþjónustu
Hafnarfjarðarbær